

1860. innar 22. aprilm. 1856, hafið þér, herra amtmaður, í bréfi 7.
31. maí. febrúarm. þ. á. skotið því undir úrskurð stjórnarinnar, hvort reikna skuli helming þenna af umboðslauninum óskertum, eins og þau eru til greind á gjaldasíðunni í umboðsreikningunum, eða hvort fyrst eigi að draga frá kostnað þann, er umboðssýslan hefir í för með sér, og hafið þér getið þess, að þér hyggið þetta hið síðara vera réttara.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til auglýsingar þeim, er hlut eiga að máli, að bæði eptir því, sem eðli málsins bendir til, og samkvæmt grundvallarreglum í opnu bréfi 23. aprilm. 1813 og 14. sept. 1830, smbr. tilskipun 3. febrúarm. 1836, IV., ber að skipta umboðslauninum að frádregnum kostnaði þeim, er umboðssýslan hefir í för með sér, til jafnaðar milli þess, er hefir á hendi umboðsstörfn og þess, sem er undanþeginn frá því að gegna þeim.

31. maí. **27. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skaðabætur til norðanpóstsins.**

Þér hafið herra amtmaður, með bréfi 30. septemberm. f. á., sent dómsmálastjórninni bænarskrá frá Vigfúsi Gíslasyni, norðanpósti, um það, að fá þóknun eður endurgjald fyrir tjón það, er hann hreppti á póstferð til Reykjavíkur í febrúarmánuði árið 1859, og hefir hann metið tjón þetta 234 ríkisdali; hafið þér lagt það til, að honum verði í þessu skyni veitt 100 ríkisdala þóknun.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar þeim, er hlut á að máli, að dómsmálastjórnin, vegna upplýsinga þeirra, er fram hafa komið um alla málavöxtu, hefir veitt Vigfúsi pósti Gíslasyni, þeim er áður er nefndur, 100rdl. sem aukapóknun, sökum tjóns þess er hann beið á ferð þeirri, er að ofan er greind, og skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði landsins.